

Ársfundur faghóps félagsliða 16. apríl 2013

Skýrsla stjórnar

Sjöundi ársfundur faghóps félagsliða var haldinn 29. mars 2012 og voru Anna Gísladóttir og Guðný Brynjólfadóttir kosnar nýjar í stjórn og fráfarandi stjórnarmönnum, Jenný Jensdóttur og Lilju Eiríksdóttur, þökkuð vel unnin störf. Lilja las ársskýrslu faghópsins þar sem fram kom að mikilvægt væri að finna leiðir til að störf félagsliða væru meira metin, ekki síst þar sem að löggildingin væri ekki inni í myndinni. Þá benti Lilja á að brýnt væri að störf félagsliða sem vinna í heimaþjónustu Reykjavíkurborgar færu í endurmat, þar sem að störfin hefðu tekið verulegum breytingum og félagslegi þátturinn spilaði stærra hlutverk en áður.

Alti Lýðsson, fræðslustjóri Eflingar, kom inn á mikilvægi endurmenntunar og hvatti félagsliða til að „stinga sér út í djúpu laugina“ og sækja nýtt framhaldsnám fyrir félagsliða sem Borgarholtsskóli yrði með. Þórkatla Þórisdóttir, kennslustjóri hjá Borgarholtsskóla, greindi frekar frá náminu og sagði að markmiðið með náminu væri að styrkja stöðu félagsliða í starfi og efla fagvitund félagsliða. Nemendur þurfa að hafa lokið grunnnámi félagsliða og starfað sem slíkir í a.m.k. tvö ár. Gert er ráð fyrir að námið sé 36 einingar og er skipt í 11 áfanga. Hægt er að stunda námið samhliða vinnu og raunhæft að nemandinn geti dreift náminu á fjórar annir. Þá eru verkefnin bæði unnin í kennslustundum og eins utan þeirra. Lögð er áhersla á verklega kennslu og er vinnustaðanám skipulegt í sex vikur á síðari hluta námsins.

Fræðslufundur hjá faghópum félags- og leikskólaliða

Faghópur leikskólaliða og faghópur félagsliða í Eflingu-stéttarfélagi héldu að þessu sinni sameiginlegan fræðslufund þann 13. nóvember 2012. Mæltist það nokkuð vel fyrir meðal fundargesta að vera með svona sameiginlegan fund.

Margrét Gunnarsdóttir sérfræðingur á starfsendurhæfingarsviði VIRK og Svava Jónsdóttir sviðsstjóri á fyrirtækjasviði VIRK fluttu fyrirlesturinn „Velferð og vinna – kynning á þjónustu VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs“. Þá mætti einnig Elva Dögg Gunnarsdóttir og var með uppistand.

Kynning frá VIRK

Þær stöllur Margrét Gunnarsdóttir og Svava Jónsdóttir greindu frá því að hlutverk VIRK er að draga markvisst úr líkum á því að starfsmenn hverfi af vinnumarkaði vegna örorku.

VIRK er með þjónustu fyrir einstaklinga, atvinnurekendur og stjórnendur, vinnan er mikilvæg fyrir okkur öll því það þurfa allir að afla tekna til að geta verið virkir þátttakendur og sjálfstæðir þegnar. Vinnan hefur áhrif á heilbrigði og félagsleg tengsl. Talið er að helstu ástæður veikindafjarveru séu andleg vanlíðan, streita, kvíði, þunglyndi, slys, óhöpp, smitsjúkdómar, stoðkerfisvandamál m.a. bakverkir og liðverkir. Félagsleg einangrun verður þegar einstaklingur hefur verið lengi frá vinnu og getur reynst honum mjög erfitt, einnig hefur fjarvist áhrif á vinnustaðinn til að mynda aukið álag á aðra starfsmenn, aukinn kostnað vegna afleysingar og fl.

Rannsóknir benda til þess að sé starfsfólk í óvissu um ábyrgð sína og hlutverk getur valdið streitu og vanlíðan í starfi sem hvort tveggja getur síðan haft áhrif á auknar fjarvistir.

Þjónustan hjá VIRK miðar að því að auka vinnugetu einstaklingsins og er ætluð þeim sem stefna aftur á vinnumarkað. VIRK aðstoðar einstaklinginn við að setja upp áætlun um endurkomu til vinnu í samstarfi við vinnustað og fagaðila.

Löggilding á starfsheiti félagsliða

Í maí 2012 tóku í gildi ný lög um heilbrigðisstarfsmenn sem eiga að tryggja gæði heilbrigðisþjónustu og öryggi sjúklinga með því að skilgreina kröfur um menntun, kunnáttu og færni heilbrigðisstarfsmanna og starfsheiti þeirra. Í þessum nýju lögum eru taldar upp þær heilbrigðisstéttir sem eru löggiltar samkvæmt þessum lögum. Það hefur þrýst enn frekar á að unnið verði að krafti að fá löggildingu á starfsheiti félagsliða. Þessi vinna hefur verið unnin sameiginlega með Félagi íslenskra félagsliða var formleg umsókn um lögverndun á starfsheiti félagsliða send Velferðarráðuneytinu í janúar síðast liðnum. Það er nú í umsagnarferli hjá Embætti Landlæknis og var svars að vænta þegar þessi ársskýrsla var skrifuð.

Framhaldið

Í haust verður haldið áfram námskeiðum í samstarfi við Mími símenntun um framhaldsnám í fötlun og Alzheimer.

Greinileg fjölgun er innan okkar raða þar sem 375 bréf voru send til útskrifaða félagsliða og félagsliðanema fyrir þennan ársfund sem þýðir að við erum vaxandi og öflugur hópur en við þurfum stöðugt að vera á varðbergi og gleyma okkur ekki í amstri dagsins.

Nýju heilbrigðislögin hljóta að hvetja okkur áfram og nú er brýnt að við stöndum þétt saman og knýjum á um löggildinguna til þess að verja okkar mikilvæga starf sem er að hlúa að og vinna með fólki sem þarf á aðstoð okkar að halda.